

Ed.

797. Frumvarp til laga

[318. mál]

um breyting á lögum nr. 76 1970, um lax- og silungsveiði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við 91. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkissjóður leggur Fiskræktarsjóði til 900 milljónir króna með jöfnum greiðslum á næstu fimm árum.

Fiskræktarsjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskræktarsjóðs. Nú tekur Fiskræktarsjóður lán með gengistryggingu eða vísitöluhjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

2. gr.

Við 92. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fiskræktarsjóði er heimilt að veita lán til fiskeldis, allt að 50% af stofnkostnaði, einnig að veita óafturkræf framlög til grundvallarrannsóknna og tilraunastarfsemi á sviði fiskræktar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Árum saman hafa miklar umræður verið innan þings og utan um nauðsyn þess að efla fiskrækt, og margir þingmenn hafa flutt tillögur um málið, án þess að til raunhæfra aðgerða væri gripið. Fyrir fjárhags- og viðskiptanefnd er nú frv. Stefáns Jónssonar o. fl. um sérstakt framlag til Framkvæmdastofnunar ríkisins til að styrkja fiskrækt. Nefndin hefur orðið sammála um, að eðlilegra sé að efla Fiskræktarsjóð, og flytur því frv. þetta.